



## F U N D A R G E R Ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 7. nóvember 2018  
kl. 16:00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Sturla Böðvarsson, Arnheiður Hjörleifsdóttir, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Finnbogi Leifsson, Karitas Jónsdóttir og Sævar Jónsson. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram og samþykkt.

### 2. Verðskrá ársins 2019 og fjármál

Tillaga um hækkun m.t.t. verðlagsþróunar. Almennt sorp 8,10 kr./án vsk. og sláturúrgangur 15,50 kr./án vsk. Timburkurl til yfirlags 1,65 kr./án vsk. Samþykkt. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir rekstri félagsins fyrstu níu mánuði ársins.

### 3. Rekstur í Fíflholtum

#### a. Gasmál og yfirlag urðunarreinar

Framkvæmdastjóri greindi frá framgangi verkefnisins. Enn þarf að bæta við jarðvegi í yfirlag yfir urðunarreinina á framkvæmdasvæði gassöfnunarkerfisins. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna að áframhaldandi lausnum.

#### b. Metangassöfnunarkerfi og fundur með ReSource 1. nóvember

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað þar sem farið var yfir kostnaðarliði við gassöfnunarkerfið. Verkið mun fara 21% fram úr áætlun eða 2.663 þús. kr. Um er að ræða umframvinnu sem fer fram úr áætlunum.

### 4. Eftirlit UST í Fíflholtum 24.10.2018

#### a. Stækkan starfsleyfis og undanþága frá starfsleyfi.

Starfsleyfi urðunarstaðarins í Fíflholtum leyfir 15.000 tonn til urðunar á ári. Þar sem urðunarstaðurinn mun taka á móti meira magni en 15.000 tonnum í ár hefur verið sótt um undanþágu frá starfsleyfi til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Erindi var sent Skipulagsstofnun dags 15.10.18 þar sem farið var yfir fyrra mat á umhverfisáhrifum m.t.t. stækkunar urðunarstaðarins um c.a. 5.000 tonn. Svar við erindi Sorpurðunar barst dags. 29.10. sl. en stofnunin telur ótvíraðt að umrædd aukning á urðun að Fíflholti á Mýrum falli undir tölulið 13.01 í 1 viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdin þurfi að gangast undir mat á umhverfisáhrifum. Rætt um þýðingu svara Skipulagsstofnunar. Formanni og framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur til stjórnar á næsta stjórnarfund.

**b. Magn úrgangs og þróun**

Lagt fram yfirlit yfir það magn sem urðað hefur verið á árinu. Í lok október hafði verið innvigtað 15.071 tonn. en þar af eru 1.796 tonn timburflís sem notuð er til yfirlags.

Rætt um hvað veldur svo miklu magni úrgangs til urðunar.

**c. Yfirlit og breyting á viðtaka**

Í eftirlitsferð Umhverfisstofnunar þann 5. júní sl. var skráð frávik vegna yfirlalls við rein fjögur sem tekur við rigningarvatni þegar um mikla rigningu er að ræða. Óskað var eftir tímasetttri áætlun um úrbætur á framgreindu atriði. Var þess farið á leit við Umhverfisstofnun að framangreint frávik yrði afturkallað þar sem Sorpurðun teldi að umrædd ráðstöfun yfirlallsvatns uppfylli þau skilyrði sem sett eru í grein 3.3. í starfsleyfi. Var fallist á rökstuðning Sorpurðunar Vesturlands hf og þess óskað að yfirlall sé alla jafna skráð.

Í eftirliti þann 24.10.2018 var rætt um að breyta skráningu á viðtaka í starfsleyfi. Samþykkt að vinna það áfram.

**d. Hreinsivirkni í síubeði**

Í eftirliti þann 24.10.2018 var rætt um að breyta skráningu á viðtaka í starfsleyfi. Samþykkt að vinna það áfram.

**5. Framtíð reksturs urðunarstaðarins í Fíflholtum.**

**a. Rekstrarfyrirkomulag urðunarstaðarins o.fl.**

Lagt fram minnisblað varðandi rekstrarform fyrirtækisins. Formaður fylgdi því úr hlaði og reifaði framtíðarfyrirkomulag urðunarreksturs í Fíflholtum.

**6. Önnur mál.**

**a. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að aðgerðaráætlun í loftlagsmálum**

Lagt fram

**b. Sorpa bs. skóflustunga gas- og jarðgerðarstöðvar**

Framkvæmdastjóri greindi frá ferð sinni í Álfssnes þann 17. ágúst sl. þar sem tekin var skóflustunga að nýrri gas- og jarðgerðarstöð. Framkvæmdin er á vegum eigenda Sorpu bs.

**c. Tilnefning fulltrúa í samráðshóp – staðan**

Endurskoðun tilnefninga m.t.t. kosninga sl. vor og ítreka tilnefningar til þeirra sem ekki hafa komið þeim til skila. Lagt fram yfirlit.

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir

Hrefna B Jónsdóttir  
Asla K Grönmundsd.  
Guðrún Þórhildur  
Solveig Jónsdóttir  
Sigríður Ólafsdóttir  
Anhildur Þórhildur